



Reykjavík, 29. apríl 2021
SFS2021010170
212. fundur
HG/geb/hig

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi grunnskólanemendur sem stunda fjarnám á framhaldsskólastigi 2018-2021

Á 199. fundi skóla- og frístundaráðs, 26. janúar 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um þróun fjölda nemenda í grunnskólum Reykjavíkur sem stunda fjarnám á framhaldsskólastigi skólaárin 2018-2021, hvort þeim er að fjölga eða fækka. Þá er óskað eftir sundurgreindum upplýsingum í hvaða framhaldsskólum þeir stunda fjarnám og í hvaða námsgreinum. Fjarnám á framhaldsskólastigi fyrir grunnskólanemendur er mikilvægur valkostur í að auka fjölbreytni í námi og hentar vel áherslum í einstaklingsmiðuðu námi og því mikilvægt að fylgst sé vel með hver þátttakan er í slíku námi.

Svar:

Í apríl 2021 svöruðu allir 23 skólastjórnendur með unglingastig spurningum um þátttöku nemenda í fjarnámi í framhaldsskólaáföngum skólaárin 2018 til 2021.

Eins og sjá má í töflu 1 voru 327 nemendur grunnskóla í Reykjavík í framhaldsskólaáföngum skólaárið 2018-19 en ekki voru til gögn um alla nemendur sem voru í framhaldsskólaáföngum það skólaár. Skólaárið 2019-20 voru 420 nemendur grunnskóla í Reykjavík í framhaldsskólaáföngum og á skólaárinu sem nú er að líða 2020-21 417 nemendur sem er svipaður fjöldi nemenda og skólaárið áður.

Flestir nemendur grunnskóla nýta sér Fjölbautarskólinn við Ármúla (F.Á.). Menntaskólinn við Hamrahlíð (M.H.) er annar í röðinni hvað varðar fjölda nemenda og Borgarholtsskóli (B.H.S.) er með þriðja mesta nemendafjölda í framhaldsskólaáföngum eins og sjá má í töflu 1.

Námsgreinar í framhaldsskólum sem grunnskólanemendur sækja eru aðallega stærðfræði, íslenska, enska, danska og einnig námsgreinar eins og málmtækni/smíði og listnám.

Það er vert að taka fram að hluti grunnskólanna kenna sjálfir framhaldsskólaáfanga í samstarfi við Menntaskólann við Hamrahlíð þar sem lokaprófin í hverjum áfanga eru tekin í framhaldsskólanum, en í sumum tilvikum t.d. málmtækni/smíði og listnám er kennt í framhaldsskólanum. Sækja nemendur þá tíma í Borgarholtsskóla.

Tafla 1. Fjöldi nemenda í framhaldsskólaáföngum skólaárin 2018-2021

Skólar	Framhalds-skóli	2018-2019	2019-2020	2020-2021	Fjöldi nemenda í framhaldsskóla-áföngum
Austurbæjarskóli	M.H.		15	13	28
	V.Í.	5		7	12
Álftamýrarskóli	F.Á.			2	2
	V.Í.			2	2
Árbæjarskóli	F.Á.	5	20	26	51
Breiðholtsskóli	T.S.		8		8
Dalskóli	B.H.S.		22	9	31
	F.Á.	2		11	13
	V.Í.	1			1
Fellaskóli	F.Á.	9	14	14	37
Foldaskóli	B.H.S.	30	20	14	64
	F.Á.	1			1
	M.H.	32	52	39	123
	V.Í.	2	2		4
Hagaskóli	M.H.	45	61	73	179
Háteigsskóli	V.Í.	2	13	5	20
Hlíðaskóli	F.Á.	6	7	3	16
	V.Í.			9	9
Hólabrekkuskóli	F.Á.	3			3
Ingunnarskóli	V.Í.	6	2	2	10
Klébergsskóli	B.H.S.	16			16
	F.Á.		1	3	4
Langholtsskóli	F.Á.	14	3	4	21
	V.Í.	1			1
Laugalækjarskóli	B.H.S.	6		7	13
	V.Í.	5	12	5	22
Norðlingaskóli	F.Á.	49	55	64	168
Réttarholtsskóli	M.H.	28	27	27	82
Rimaskóli	B.H.S.	10	12	14	36
	F.Á.	16	9	8	33
	V.Í.			3	3
Seljaskóli	F.Á.	5	10	12	27
	V.Í.			1	1
Sæmundarskóli	F.Á.	1	13	11	25
Víkurskóli	B.H.S.	7	14		21
	F.Á.	13	19	20	52
	V.Í.	2	1	2	5
Vogaskóli	F.Á.	5	5	4	14
Ölduselsskóli	F.Á.		3	3	6
Samtals nemendur:		327	420	417	1164